

Sp.

159. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd flytur að venju sameiginlegar tillögur til breytinga á frumvarpi til fjárlaga á þskj. 149 og 157 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Minni hlutinn er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frumvarpsins og þeirri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi sem frumvarpið endurspeglar.

Við fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár hafa sjálfstæðismenn í minni hluta fjárveitinganefndar gert grein fyrir efnahagsþróuninni í nefndarálit. Að þessu sinni er horfið frá þessum vinnubrögðum og aðeins fjallað um ríkisfjármálin. Ástæðan er m. a. sú, að ítarleg úttekt verður gerð á efnahagsmálum í nefndarálit minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og þess vegna hægt að vísa til þeirrar umfjöllunar.

Gagnrýni sjálfstæðismanna á fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp hefur m. a. beinst að því, að frumvarpið sé byggt á röngum verðlagsforsendum. Þess vegna hafa undirritaðir látið reikna út nýtt „frumvarp“ sem miðað er við verðlagsforsendur þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar og yfirlýst markmið um umfang ríkisstarfseminnar. Það „frumvarp“ er í fylgiskjali I. Niðurstöðutölur þess „frumvarps“ sanna hve óraunhæft fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er. Í fskj. III. er birtur listi yfir vanáætlanir fjárlagafrumvarpsins, ef það er reiknað fram á grundvelli ríkisreiknings 1981 og verðlagsforsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1983. Í fskj. II. er svo birtur listi yfir aukafjárveitingar 1. jan.—29. okt. í ár, en sá listi er til marks um það, hvernig framkvæmdavaldið seilist æ lengra inn á svið fjárveitingavaldsins.

I. Nokkur aðalatriði ríkisfjármála síðustu ára.

Stefna fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1983.

Megineinkenni þessa frumvarps eru hin sömu og verið hafa í ríkisfjármálum í tíð núverandi ríkisstjórnar og raunar einnig í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ómenguð vinstri stefna hefur setið í fyrirrúmi á þessu mikilvæga sviði þjóðarbúskaparins eins og víðar. Raunar er það svo, að ekki hefur síður hallað á ógæfuhliðina nú síðustu árin, enda Alþýðubandalagið og framsóknarmenn með forræði 10 ráðuneyta af 13 og Alþýðubandalagið með ríkisfjármálin í sínum höndum.

Í þessu sambandi má enn minna á orð formanns þingflokks Alþýðubandalagsins í Þjóðviljanum: „Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber mjög svip þeirrar afstöðu sem Alþýðubandalagið hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978—79 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðubandalags og árangurinn er að koma í ljós.“

Vinnubrögð við gerð fjárlaga og stjórn ríkisfjármála hafa verið losaraleg, ruglingsleg og ómarkviss, eins og vill verða undir stjórn vinstri flokka.

Verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpa hafa verið vísvitandi rangar. Útgjöld fjárlagafrumvarpsins hafa verið áætluð á grundvelli gildandi fjárlaga, en ekki tekið mið af raunverulegu umfangi og útgjöldum. Síðan hefur verið gripið til þess ráðs að veita aukafjárveitingar þegar komið hefur í ljós að viðkomandi fjárlagaliður reynist markleysa — ýmist hreinlega vanáætlaður eða verðbólga hefur reynst meiri en gert er ráð fyrir við gerð fjárlaga.

Það gefur auga leið, að í 50—60% verðbólgu, sem ávallt hefur reynst miklu meiri en svonefndar reiknitölur fjárlagafrumvarpa hafa gert ráð fyrir, bitnar þetta ráðslag þungt á raungildi framkvæmdaliða, enda hafa þeir liðir lækkað ár eftir ár að raungildi eins og fylgt hafi verið þaulhugsaðri niðurtalningsformúlu.

Pegar þannig er staðið að fjárlagagerð er ríkisvaldið í raun og vera að svipta sjálft sig því mikilvæga stjórnþæki sem raunsæ fjárlög eru hverju sinni. Sama gildir um lánsfjárlög. Þau fjalla þó að verulegu leyti um framkvæmdir. Í þeim er oftast gert ráð fyrir fastri krónutölu. Þess vegna eru rangar verðlagsforsendur þeim mun verri við gerð lánsfjárlaga en almennra fjárlaga. Og í samræmi við það er gildi þeirra sem stjórnþækis rýrt þeim mun meir sem fáránlegar er haldið á verðlagsforsendum þeirra.

Þessi vinnubrögð einkenna ekki síst frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983. Það er hreinlega gripið til þess ráðs að áætla vísvitandi of lágur upphæðir til rekstrar og viðhalds þess ríkisbákns sem ríkisstjórnin hefur þanið kerfisbundið út og gert er ráð fyrir að viðhalda eða auka samkvæmt forsendum í þjóðhagsáætlun og greinargerð fjárlagafrumvarps. **Þetta virðist gert til þess að dylja að raunverulega vantar rúman milljarð nýkróna á að endar nái saman í frumvarpinu, ef framangreind markmið ríkisstjórnarinnar um umfang ríkisbúskaparins eiga að nást.**

Ástæðan fyrir þessari vöntun er einfaldlega sú, að í tekjuáætlun er ekki gert ráð fyrir því, að sú gífurlega eftirspurnarþensla haldist sem valdið hefur vaxandi innflutningi hátollavöru, aukinni veltu og viðskiptahalla, sem mætt hefur verið með gífurlegri eyðsluskuldaföfnun erlendis.

Því miður er þó ekki horfið algerlega frá þessari óheillabraut. Á næsta ári er samkvæmt þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar stefnt að því, að þjóðarútgjöld verði meiri en tekjur, viðskiptahalli verði verulegur og eyðsluskuldaföfnun haldi áfram. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður „hagnist“ enn á næsta ári á þessu háttalagi, þótt í minna mæli sé en verið hefur.

Gengisstefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt til útsölu á gjaldeyri misserum saman, stóráukins viðskiptahalla og eyðsluskulda, sem stefnt hafa fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í fullkomna tvísýnu. Þessi ranga gengisstefna hefur vegna mikils innflutnings umfram útflutning valdið tekjuauka hjá ríkissjóði sem nemur miklum fjárhæðum undanfarin ár. Efnahagssjúkdómur þjóðarinnar verður þannig að tekjuuppsprettu ríkissjóðs.

Um þetta segir svo í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 15. mars:

„Á síðasta ári var þróun ríkisfjármála með þeim hætti, að töluverður greiðsluafgangur var á ríkissjóði, hann bætti stöðu sína við Seðlabankann. Meginástæða þessarar útkomu var **mikil tekjuaukning, einkum af aðflutningsgjöldum og söluskatti vegna mikils innflutnings.**“

Sama þróun hefur átt sér stað fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Í þjóðhagsáætlun, sem var lögð fyrir Alþingi í haust af forsætisráðherra, segir svo um framvindu ríkisfjármála:

„Tímabilið janúar—ágúst í ár voru innlendar tekjur um 50% meiri en á sama tíma í fyrra og var það umfram hækkun verðlags á þessu tímabili, **vegna mikillar veltu og innflutnings fyrstu mánuði ársins.**“ Þar segir einnig:

„Tímabilið janúar—ágúst í ár var innheimtur söluskattur 63% meiri en í fyrra og tolltekjur 73% meiri. Á sama tíma var útgjaldaaukning 58%.“

Að mati sérfróðra manna má áætla að tekjuauki ríkissjóðs vegna umframeftirspurnar eftir innflutningi og óvenjumikillar veltu 1981 og það sem af er þessu ári hafi a. m. k. verið um 800 millj. króna.

Á árunum 1981 og 1982 er talið að viðskiptahalli við útlönd verði hvorki meira né minna en um það bil 5 000 millj. króna á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu í ár. Greiðslubyrði erlendra lána er að verða svo þung að Seðlabankinn áætlar að hún muni nema 25% af útflutningstekjum á næsta ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána sem taka þarf til þess að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahalla.

Pannig hafa upplausn og óstjórn í efnahagsmálum, þótt mótsagnakennt sé, valdið því, að ríkissjóður hefur verið í formlegu jafnvægi 1981 og sýnist ætla að verða það nokkurn veginn á þessu ári. Ef ríkissjóður hefði á hinn bóginn ekki fengið þessar tekjur, sem stafa af eyðslu, óstjórn og gífurlegri skuldasoöfnun, væru bullandi greiðsluhalli á ríkissjóði. Skuldir hans hafa aukist um 700—800 milljónir króna þrátt fyrir stórfelldar skattahækkunir ár eftir ár.

Skal nú vikið að megineinkennum á stefnu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983, en þau eru flest hin sömu og einkennt hafa stefnuna í ríkisfjármálum í tíð núverandi ríkisstjórnar og raunar einnig ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Nánar verður fjallað um þessi einkenni í köflum nefndarálitsins hér á eftir, en í stuttu máli eru þau þessi:

1. **Í frumvarpinu eru vísitandi rangar verðlagsforsendur.** Samkvæmt þjóðhagsáætlun er markmið ríkisstjórnarinnar að verðbólgan verði 40—50% frá upphafi til loka árs 1983. Verðbólgan verður á árinu 1982 um 62% frá upphafi til loka árs. Þetta þýðir að meðalhækkun milli árana 1982 og 1983 verður ekki undir 50%. Reiknitala frumvarpsins er á hinn bóginn 42%. Hún er því ekki í neinu samræmi við bjartsýna verðbólguþá ríkisstjórnarinnar á árinu 1983, sem engin skýring hefur fengist á hvernig eigi að ná fram. Hér er um vísitandi rangar verðlagsforsendur við fjárlagagerðina að ræða eins og undanfarin ár.

2. **Óbreytt skattastefna leiðir enn til skattahækkunar.** Pannig á að þrengja að heimilunum bæði með skattahækkun og annarri kjaraskerðingu sem felst í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður sýni gott fordæmi og rífi seglin. Almennigur á einungis að herða sultarólina.

Skattar í heild til ríkis og sveitarfélaga eru nú áætlaðir 38% af þjóðarframleiðslu. Þetta hlutfall var 31,6% árið 1977. Hækkunin er 6,4% á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núverandi ríkisstjórnar. Þetta svarar til 2660 milljóna króna eða fjárhæðar sem nemur 57 800 krónum á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Miðað er við verðlag fjárlagafrumvarps 1983.

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa skattar til ríkisins eins hækkað um 3.1% af þjóðarframleiðslu. Þetta jafngildir 1290 milljónum króna eða 28 000 króna á hverja fimm manna fjölskyldu á verðlagi fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1983. Á sama tíma hækkuðu skattar til sveitarfélaga um 0.3—0.4% af þjóðarframleiðslu, þ. e. a. s. 166 millj. króna. Samtals er skattahækkunin á þessum þremur árum í tíð núverandi ríkisstjórnar því 31 600 krónur á hverja fimm manna fjölskyldu.

3. **Eyðsluútgjöld ríkissjóðs aukast eitt árið enn langt umfram gefnar verðlagsforsendur** og eru þau þó vanáætluð víða miðað við það umfang sem ríkisreksturinn er kominn í, svo sem áður segir. Ríkisumsvifin eru aukin ár frá ári. Pannig eru rekstrarútgjöld hækkuð um 65% eða langt fram úr þeirri reiknitölu sem frumvarpið er miðað við, 42%.

4. **Niðurgreiðslur og millifærslur eru langt umfram það sem edlilegt getur talist.** Sú ákvörðun að auka niðurgreiðslur um 6 prósentustig í framfærsluvísitölu fyrri hluta ársins var nánast eina úrræði ríkisstjórnarinnar gegn verðbólgu á þeim tíma. Það kostar 800 milljónir króna að greiða eingöngu þessi 6 prósentustig niður á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarpsins. Áður var greitt niður sem svaraði rúmlega 5 prósentustigum í verðbótum á laun. Það er því ljóst, að ríkisstjórnin hefur gefist upp á þessu bjargráði sínu, og verði krónutöluhækkun ekki á niðurgreiðslum á næsta ári, en verðbólga svipuð og gert er ráð fyrir í spám, verða niðurgreiðslur ekki meiri en þær voru þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Þessi saga hefur endurtekið sig með stuttu millibili frá því í desember 1978. Niðurgreiðslur hafa verið stórauknar af og til, en jafnharðan gefist upp á að afla fjár til þess að standa undir slíkum „efnahagsúrræðum“.

5. **Árlegum niðurskurði á raungildi fjárveitinga vegna verklegra framkvæmda er haldið áfram** og nú enn frekar en áður. Sama gildir um framlög til sjóða og atvinnuvega. Sem dæmi má nefna að raungildi framlaga til hafna, grunnskólabygginga og íþróttamannvirkja, en það

eru mannvirki sem minni sveitarfélögin á landinu eru flest að glíma við, hefur verið skorið niður í 65 ef miðað er við 100 árið 1978. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda hækka samkvæmt frumvarpinu um 31% frá gildandi fjárlögum, en rekstur, eins og áður segir, um 65%.

6. Lántökur eru auknar og enn eru ný lán tekin til greiðslu óreiðuskulda. Augljóst er á greinargerð frumvarpsins að ríkisstjórnin hefur gefist upp á að sýna áformaðar lántökur til A- og B-kerfisins. Í því efni er vísað til væntanlegrar lánsfjáráætlunar. Á þessu sviði eru því miður ekki öll kurl komin til grafar í frumvarpinu. Í þessu sambandi er athyglisvert að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hafa erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hækkað úr 3345 milljónum króna árið 1977 í 4839 milljónir 1981, reiknað á föstu gengi. Þetta er aukning erlendra skulda um 45% á föstu gengi.

Þessi sex meginatriði um stefnu eða stefnuleysi í ríkisfjármálum undanfarin ár eru gamalkunn. Þessi saga hefur endurtekið sig ár eftir ár. Nú horfir á hinn bóginn þannig við, að þegar draga þarf saman seglin og ríkissjóður fær minni tekjur af umframeyðslu og þjóðarútgjöldum, sem fara fram úr þjóðartekjum, þá verður sú mynd skýrari, hvernig ríkisfjármálin eru í raun byggð á sandi. Greinilega kemur þá í ljós eitt megininkenni á stefnu og störfum ríkisstjórna sem fylgja vinstri stefnu. Þær bregða fyrir sig hverjum blekkingarhjúpnunum eftir annan. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er óbrotgjarn minnisvarði um þessi vinnubrögð.

II. Alrangar verðlagsforsendur.

Í fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, frumvarpinu fyrir árið 1980, segir svo orðrétt:

„Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgu:

1. Verðlagshækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóvember 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkunir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstjórnin sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafi ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.
2. Verðhækkunir á búvöru fylgi sams konar reglu, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði á árinu 1980 og 1981.
3. Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja.“

Þetta var hin fræga niðurtalningaformúla ríkisstjórnarinnar sem var svo nákvæmlega fram sett í fyrsta frumvarpi hennar til fjárlaga. Í framhaldi af þessari niðurtalningaformúlu segir svo orðrétt í athugasemdum fyrsta fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1980:

„Í samræmi við þetta er frumvarpið miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979—1980 verði 45—46%.“

Hér er það alveg skýrt að stefna ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum er lögð til grundvallar verðlagsforsendum sem fjárlagafrumvarpið hvíldi á.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er komist ofurlítið óljósar að orði. Þar segir í fjórða lið þegar verið er að ræða meginforsendur frumvarpsins:

„Verðlagshækkunir frá miðju árinu 1980 til miðs árs 1981 verði um 42% sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur um skeið.“

Í þriðja fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, fyrir árið 1982, hefur ríkisstjórnin fyrir

alvöru „undanhald samkvæmt áætlun“ í þessum efnunum. Þar er með öllu horfið frá því að stefna að ákveðnu verðbólguþáttum sem fjárlög síðan hvíli á. Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli árunna 1981 og 1982.“

Í fjórða frumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1983 er ekki lengur talað um „hugsanlega hækkun verðlags og launa“. Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrumvarpsins er miðuð við 42% hækkun verðlags milli árunna 1982 og 1983. Rétt er að minna á að reiknitala fjárlaganna hefur aldrei verið verðbólguþáttur fyrir komandi ár.“ (sic!)

Eins og sjá má á þessu er það ekki rétt sem segir í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins um verðlagsforsendur. Það gerist nefnilega samtímis að ríkisstjórnin gefst upp við að hamlag gegn verðbólgunni og að miða við ákveðið verðbólguþáttum sem fjárlög séu byggð á.

Þegar verðbólga er svo mikil sem raun ber vitni verða bæði fjárlög og lánsfjárlög, sem byggjast á óraunhæfum verðlagsforsendum, hrein markleysa. Upp hafa verið teknar aðferðir sem byggjast á fjárlögum til þess að fylgjast með útgjöldum einstakra ráðuneyta og stofnana. Gerðar eru greiðsluáætlanir á grundvelli fjárlaga. Síðan er fylgst í tölvubókhalda með framkvæmd þessara áætlana. Laun eru jafnan verðbætt, en önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður ekki. Ef laun hækka meira en verðlagsforsendur fjárlaga, ganga þau út yfir aðra rekstrarliði og gjaldfærðan stofnkostnað. Augljóst er að því betri sem verðlagsforsendurnar eru þeim mun betra stjórnunartæki eru fjárlög og sú greiðsluáætlun sem á þeim byggist. Það er því alveg út í hött að tala um að reiknitala eða verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps skipti ekki verulegi máli.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er byggt á þeirri forsendu, að verðlag hækki um 42% að meðaltali milli árunna 1982 og 1983. Þessi verðlagsforsenda er allt of lág og ekki í samræmi við neinar spár um þróun verðlags milli árunna 1982 og 1983 né heldur í samræmi við yfirlýst verðbólguþáttum ríkisstjórnarinnar. Í þjóðhagsáætlun þeirri, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi 25. október, segir svo á bls. 29:

„Venjubundinn framreikningur á ferli framfærsluvísitölu eftir þessar aðgerðir bendir til að heldur geti dregið úr ársfjórðungshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrri hluta næsta árs, en hækkun hennar yrði þó enn svipuð og í lok þessa árs eða um 60%. Er það miðað við, að á næsta ári verði fylgt óbreyttu verðbótakerfi samkvæmt gildandi lögum, og ekki reiknað með sérstökum efnahagsaðgerðum er hafi áhrif á verðlagsþróunina. Þá er gert ráð fyrir virku aðhaldi í peninga- og lánamálum og ríkisfjármálum. Komi ekki fram ný verðbólguþáttur ætti að hægja á verðbólguhraðanum þegar kemur fram á árið, og á síðari hluta ársins gæti árshækkun framfærsluvísitölunnar verið komin niður undir 50%. **Meðalhækkun vísitölunnar samkvæmt þessum framreikningi yrði um 58%.** Með breyttu verðbótakerfi og enn auknu aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum mætti ná frekari árangri á næsta ári. Í kaflanum Viðnám gegn verðbólgu í fyrsta hluta skýrslunnar kemur fram að stefnt verður að því, að verðbólgan verði ekki meiri en 40—45% frá upphafi til loka næsta árs.“

Nú liggur fyrir að framreiknuð framfærsluvísitala frá upphafi til loka þessa árs sýnir um það bil 62% hækkun og byggingarvísitala 64—65% hækkun. Ef taka ætti mark á markmiði ríkisstjórnarinnar um 40—45% verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs, þá getur meðalhækkun verðlags milli ára 1982 og 1983 ekki verið undir 50%. Önnur niðurstaða er reikningslega útilokuð. Verðlagsforsenda fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar er því hreinlega úr lausu lofti gripin.

Í þjóðhagsáætlun er spáð 58% meðalhækkun framfærsluvísitölunnar milli árunna 1982 og 1983. Í nýjum framreikningi þjóðhagsstofnunar, sem fram kemur í bréfi til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar, dagsettu 26. nóvember s. l., kemur fram að þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir meiri verðbólgu en í þjóðhagsáætlun. Hún gerir ráð fyrir 60—63% meðalhækkun verðlags milli árunna 1982 og 1983. Þær spár, sem gefnar hafa verið út af einkaaðil-

Albt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

um, gera yfirleitt ráð fyrir meðalhækkun um eða yfir 70%. Spá Vinnuveitendasambands Íslands gerir t. d. ráð fyrir 69,1% meðalhækkun framfærsluvísitölu milli árána 1982 og 1983, og spá Sambands ísl. samvinnufélaga gerir ráð fyrir rúmlega 70% hækkun. Flest opinber fyrirtæki gera sömuleiðis ráð fyrir 60—70% verðbólgu á næsta ári og á Spástefnu Stjórnunarfélagsins, sem haldin var nýlega, talaði forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar um 60—80% verðbólgu.

Það liggur því ljóst fyrir, að enginn aðili í þjóðfélaginu treystir sér til að taka mark á verðbólgu markmiði ríkisstjórnarinnar. Í því fjárlagafrumvarpi, sem þessi sama ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir 40—50% verðbólgu, eins og ríkisstjórnin hefur að markmiði, heldur aðeins 20% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Svo óraunhæfar og beinlínis hlægilegar eru verðlagsforsendur þessa frumvarps.

III. Stórfelldur halli á ríkisbúskapnum.

Ríkisstjórnin hefur gumað af hallalausum ríkisrekstri og minnkandi skuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Í raun er þessu öfugt farið. Sá þáttur ríkisfjármálanna, sem nefndur er A-hluti, hefur verið í formlegu jafnvægi á árunum 1980—1981 vegna mikilla umframtekna ríkissjóðs af innflutningi og veltu í þjóðfélaginu, vegna þess að þjóðarútgjöld hafa farið langt fram úr tekjum, þjóðin hefur eytt um efni fram. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur ýtt undir þessa óheillapróun eins og áður er rökstutt. Því má slá föstu, að raunverulegur halli ríkissjóðs þessi tvö ár og á yfirstandandi ári nemur a. m. k. 1000 milljónum króna, þar af 800 milljónum króna í fyrri og í ár.

Þessu til viðbótar hefur ríkisbúskapurinn í heild verið rekinn með auknum lántökum. Erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hafa hækkað mjög ár frá ári, reiknað á föstu gengi, og enn þá meira ef ríkisfyrirtæki eru tekin inn í dæmið. Þannig voru löng erlend lán til hins opinbera 35% hærri í Bandaríkjadollurum í árslok 1981 en í árslok 1978 og 18% hærri en í árslok 1979.

Fjárfesting hefur á hinn bóginn dregist saman að magni til og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á þessu tímabili. Á þessu ári er áætlað að fjárfesting nemi um 25.1% af þjóðarframleiðslu, og þetta hlutfall hefur ekki verið jafnlágt frá árinu 1969. Þetta gefur til kynna að eyðsla í ríkiskerfinu hefur aukist. Eftir hefur staðið síminnkandi hluti fjármagns til fjárfestingar sem þó hefur verið haldið uppi með lántökum, þ. á m. erlendum lántökum.

Skuldastaða ríkissjóðs við einn lánardrottna sinna, þ. e. a. s. Seðlabankann, sem fjármálaráðherra hælir sér af að hafa bætt, segir því enga sögu. Raunar gefur það alranga mynd af raunveruleika ríkisbúskaparins að halda slíkri blekkingu að fólki.

Pegar þetta „kreppufrumvarp“ til fjárlaga fyrir árið 1983, svo notuð séu orð fjármálaráðherra, er skoðað kemur þessi beiski veruleiki enn þá betur í ljós.

Tekjur frumvarpsins eru áætlaðar á þeim forsendum, að þjóðin eyði og fjárfesti minna (þjóðarútgjöld minnki) umfram þjóðartekjur og viðskiptahalli verði minni en í ár. Þetta dregur úr tekjum ríkissjóðs af umframeyðslu. Þess vegna er úr minni ríkistekjum að spila samkvæmt fjárlagafrumvarpinu en verið hefur undanfarin óstjórnarár.

Þá er gripið til örþrifaráða: margir mikilvægir útgjaldaliðir eru stórlega vanáætlaðir miðað við umfang ríkisbúskaparins eins og hann er orðinn undir stjórn núverandi valdhafa. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar og athugasemdir í fjárlagafrumvarpinu skortir til að mynda 10.2% á að raungildi samneyslu sé það sama og skv. ríkisreikningi fyrir árið 1981.

Í þjóðhagsáætlun er spáð óbreyttri samneyslu á næsta ári, en hún jókst um 2% í ár frá 1981. Séu tölur úr ríkisreikningi 1981, sem sýna samneyslu á því ári, framreiknaðar og leiðréttar vegna flutnings tveggja sjúkrahúsa og fjögurra heilbrigðisstofnana af daggjaldkerfi yfir í A-hluta kemur niðurstaðan í ljós í eftirfarandi töflu:

Samanburður á fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar (A-hluta) og ríkisreikningi fyrir árið 1981 (A-hluta) færðum upp í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins:

	Ríkisreikningur 1981 — uppfærður (1.52 × 1.42)	Fjárlagafrumvarp ríkisstj. fyrir 1983	Mis- munur %
Laun og ýmis starfsmannaútgjöld	3 595 465	3 472 090	-3.4
Ýmis rekstrargjöld	1 136 989	797 111	-29.9
Viðhald	449 976	341 234	-24.2
Vaxtagjöld	341 405	365 000	6.9
Gjaldfærður stofnkostnaður	951 108	808 858	-15.0
Ósundurliðað	17 872		
Tilfærslur:			
Til fyrirtækja og sjóða í B-hluta	5 284 243	4 919 863	-6.9
Til sveitarfélaga	345 848	298 637	-13.7
Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 444 932	1 394 425	-3.5
Til einstaklinga, heimila og samtaka	267 291	525 105	96.5
Gjöld samtals:	13 835 130	12 964 303	-6.3
Sértekjur stofnana	-595 853	-231 336	-61.2
Gjöld rekstrarreiknings alls	13 239 277	12 690 987	-4.1
Samneysla:	5 541 707	4 975 435	-10.2

Á samneyslunni munar hvorki meira né minna en 566 milljónum króna, eða 10.2%. Laun eiga samkvæmt þessu að lækka að raungildi um 3.4% á sama tíma sem ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað, önnur rekstrargjöld um tæp 30% að raungildi og viðhald um 24.2%.

Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 15% að raungildi í frumvarpinu miðað við ríkisreikning 1981. Þessi lækkun þýðir vitaskuld verulegan niðurskurð á framkvæmdum og fjárfestingu. Niðurgreiðslur eru óbreyttar frá 1981, en lækka um 30% að raungildi miðað við árið í ár. Þetta samrýmist illa fyrri yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um lækkun verðbólgu með þessu uppáhaldsbjargráði, en það var eina lausnin sem á dagskrá var frá áramótum og fram yfir sveitarstjórnarkosningar í vor.

Í Þjóðhagsáætlun er yfirleitt birt stefna ríkisstjórnar í efnahagsmálum í meginráttum. Þar kemur fram svart á hvítu að samneysla í ár hefur aukist um 2% og stefnt er að óbreyttri samneyslu 1983. Í fjárlagafrumvarpi sömu ríkisstjórnar segir: Samneysla skal samt dragast saman um rúm 10%. — Þetta eru dæmigerð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Synd væri að segja að snefil af rökréttu samhengi sé að finna í efnahagsstefnu hennar. Hér er augljóslega á ferðinni enn eitt sjónarspilið, en ríkisstjórnin virðist hafa miklar mætur á slíkum leikjum. Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun verður áfram haldið á þeirri braut að viðhalda og þenja út eyðsluútgjöld ríkisbáknsins. Ríkisstjórninni er vel ljóst að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er marklaust plagg, sem ekki tekur mið af þeirri stefnu.

Að formi til ætlar ríkisstjórnin að láta líta svo út að síðustu fjárlög hennar séu í jafnvægi, því að þetta eru fjárlögin sem viðtakandi ríkisstjórn þarf að framkvæma og bera ábyrgð á. Gripið er til framangreindra blekkingaraðferða og „niðurskurðar“ sem sýnist „ekta“ á pappírnum. Öðru máli gegnir um framkvæmdir og framlög til atvinnuvegasjóða. Í þeim efnem er skorið niður í fullu samræmi við fyrri stefnu og gerðir ríkisstjórnarinnar.

IV. Skattar og ríkisfjármál síðustu ára og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

1.0 Aukning skattheimtu.

Undanfarin ár hefur skattbyrði aukist ár eftir ár, ýmist vegna álagningar nýrra skatta eða hækkunar á söluskatti, vörugjaldi, tekju- og eignarskatti o. s. frv.

Skatttekjur hins opinbera hafa þróast þannig í hlutfalli af þjóðarframleiðslu (heimild Þjóðhagsstofnun):

	Skattar til ríkis %	Skattar til sveitarfélaga %	Skatttekjur hins opinbera %
1970	22.4	6.8	29.2
1971	24.1	6.9	31.0
1972	25.8	6.7	32.5
1973	26.2	6.0	32.2
1974	26.3	6.0	32.3
1975	26.8	7.0	33.8
1976	26.2	7.2	33.4
1977	25.0	6.6	31.6
1978	26.3	6.4	32.7
1979	27.6	7.0	34.6
1981	28.8	7.3	36.1
1982	30.7	7.4	38.1 (áætlun)
1983 (frv.)	30.7	7.4	38.1 (áætlun)

Athyglisvert er að á rúmum áratug hefur skattheimta til hins opinbera aukist úr 29.2% af þjóðarframleiðslu í 38.1% eða aukist um nærri 10%. Þessi skattahækkun nemur um 4 milljörðum nýkr. á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Á milli áranna 1977 (þá réðu sjálfstæðismenn stefnunni í skattamálum) og 1983 hefur skattheimta hins opinbera aukist um 6.5% af þjóðarframleiðslunni. Þetta jafngildir 2 700 milljónum króna eða 57 800 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Skattahækkunin til ríkisins á þessu tímabili nemur 5.7% af þjóðarframleiðslu eða 2 370 millj. króna, sem jafngildir 51 500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Í tíð núverandi ríkisstjórnar nemur skattahækkunin til ríkisins 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 1 290 millj. króna eða 28 000 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Að auki hafa skattar hækkað til sveitarfélaga frá 1980 um 0.4%, sem fyrst og fremst stafar af 10% hækkun útsvars. Þessi skattahækkun nemur 3 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

1.1 Skatttreikningur Alþýðubandalags, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins árið 1978.

Vinstri stjórnin hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka tekju- og eignarskatta haustið 1978. Þessar hækkunir hafa haldist síðan og aukist. Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: Gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskattinn um 2%, úr 20 í 22%, haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Hún hóf þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkunir, sem hefur aukist síðan án þess að sem nokkru nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstri stjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjald er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald“ sem í raun er 1.5% söluskattur. Þá hefur hún lagt á tollafgreiðslugjald og skatt á innlánsstofnanir.

Hér fer á eftir samandreginn skatttreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins og raunar Alþýðuflokksins, sem ber auðvitað ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar:

Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978:
(Verðlag fjárlaga 1983.)

Millj. kr.

1. Hækkun eignarskatts og tekjuskatts að fráðreginni lækkun sjúkratryggingagjalds	650
2. Hækkun söluskatts (2%)	516
3. Hækkun vörugjalds	470
4. Gjald á ferðalög	45
5. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	49
6. Vörugjald á raforku (6% hækkun)	38
7. Skattahækkun á bensín	349
8. „Orkujöfnunargjald“ (1.5% söluskattur)	288
9. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	28
10. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð	150
11. Tollafgreiðslugjald	62
12. Skattur á innlánsstofnanir	50
Frá dregst:	
Niðurfelling söluskatts á matvörur, lækkun tolla og launaskatts	480
Samtals	2 245

1.2 Aukning skattbyrði.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, Úr þjóðarbúskapnum, nr. 13, frá mars s. l., segir svo:

„Álagning beinna skatta ríkisins á einstaklinga á árinu 1982 er skv. fjárlögum talin hækka um 52% frá árinu 1981, og álagðir skattar til sveitarfélaga munu líklega hækka heldur meira. Á þeim forsendum um þróun tekna á árinu 1982, sem áður var getið, hefði þetta í för með sér aukna skattbyrði og ráðstöfunartekjur hækkuðu því minna en tekjur fyrir skatt.“

Þetta er í algeru ósamræmi við það sem fjármálaráðherra og forráðamenn ríkisstjórnarinnar héldu fram við umræður um fjárlög í fyrra og skattamál á síðasta þingi.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 kemur fram að innheimtur tekjuskattur verður líklega líðlega 70 milljónum króna hærri en fjárlög gera ráð fyrir.

Skattbyrði beinna skatta hefur farið jafnt og þétt hækkanði frá árinu 1977. Eignarskattar voru til að mynda 1977 einungis 0.29% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár um 0.51%. Þetta er nærri tvöföldun á skattbyrði eignarskatta. Tekjuskattar voru árið 1977 einungis 3.9% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár líðlega 6%. Þetta er rúmlega 50% aukning á skattbyrði tekjuskatta.

	1977	1978	1979	1980	1981	Áætlun 1982
1. Skattar til sveitarfélaga ¹⁾	155.4	233.4	380.8	618.2	959.0	1 525
2. Skattar til ríkisins ²⁾	95.1	221.3	350.3	524.5	795.5	1 376
3. Álagðir skattar alls	250.5	454.7	731.1	1 142.7	1 754.5	2 902
4. Heildartekjur einstaklinga (573.4)	2 285.2	3 620.0	5 417.0	8 433.0	13 338.0	20 150
5. Álagðir skattar sveitarfélaga í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	10.1%	10.2%	10.5%	11.4%	11.4%	11.4%
b) Tekjur greiðsluárs	6.8%	6.4%	7.0%	7.3%	7.2%	7.4%
6. Álagðir skattar ríkisins í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	6.2%	9.7%	9.7%	9.7%	9.4%	10.3%
b) Tekjur greiðsluárs	4.2%	6.1%	6.5%	6.2%	6.0%	6.7%
7. Álagðir skattar alls í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	16.3%	19.9	20.2%	21.1%	20.8%	21.8%
b) Tekjur greiðsluárs	11.0%	12.5%	13.5%	13.6%	13.2%	14.1%

1) Útsvar og fasteignaskattar.

2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Í framangreindri töflu kemur í ljós að skattbyrði hefur aukist frá árinu 1977 úr 11% af tekjum greiðsluárs í 14.1% á yfirstandandi ári.

Þetta jafngildir 840 millj. króna aukningu á skattbyrði á þessu tímabili, miðað við áætlun um heildartekjur einstaklinga á árinu 1982.

2.0. Auknar lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Skattahækkanir undanfarinna ára hafa ekki nægt til að auka ríkisumsvifin, heldur hafa ríkissjóður og ríkisfyrirtæki aukið lántökur ár eftir ár. Fé til framkvæmda og framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða hafa verið skorin niður að raungildi, en lán tekin í staðinn.

Í nefndarátliti um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1982 er gerð grein fyrir auknum lántökum skv. fjárlögum frá 1978. Hér verður sýnd aukning erlendra skulda ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja frá 1978—81.

Hækkun erlendra lána ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og fjárfestingarsjóða miðað við fast gengi hefur orðið sem hér segir:

	1978 m.kr.	1981 m.kr.	Hækkun m.kr.	%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 345	4 839	1 494	44.7%
Ríkisfyrirtæki	1 802	3 757	1 955	108.5%
Fjárfestingarsjóðir	616	1 059	443	71.0%
Framkvæmdasjóður	493	808	315	63.9%

Þetta gerist á sama tíma sem fjárfesting í landinu hefur dregist saman.

Fjármunamyndun var á þessu tímabili sem hlutfall af þjóðarframleiðslu:

1977	28.5%
1978	26.1%
1979	25.3%
1980	27.2%
1981	27.3%
1982	27.1%
1983	26.0% (skv. þjóðhagsáætlun)

Enn hefur sigið á ógæfuhliðina að þessu leyti 1982 og horfur ekki góðar á árinu 1983, þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hvert stefnir á þessu sviði, þar sem ríkisstjórnin hefur gefist upp við að koma saman fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár.

Óreiðuskuldir hrannast upp. Ríkisfyrirtæki taka erlend lán til þess að fjármagna taprekstur, t. d. Sementsverksmiðja ríkisins, Kísiljárnsverksmiðjan o. fl. Byggðasjóði, sem fær skert ríkisframlag ár eftir ár, er bent á að taka erlend lán til þess að halda á floti tugum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu. Landsvirkjun hefur tekið hundruð milljóna króna að láni til að fjármagna tap. Slík dæmi mætti rekja lengi.

Það kemur því úr hörðustu átt þegar fjármálaráðherra hælir sér af því, að skuldir ríkissjóðs í Seðlabankanum hafi minnkað síðustu árin. Ríkiskerfið í heild safnar sífellt meiri skuldum. Það er kjarni málsins.

3.0. Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs.

Rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa aukist það mikið að skattahækkanir, sem áður eru taldar, nægja hvergi nærri til þess að standa undir þessari útgjaldaþenslu. Sífellt minna hefur orðið afgangur af peningum skattborgaranna til framkvæmda og uppbyggingar. Þessi þróun sést ef borin er saman hækkun rekstrarútgjalda og framlög til stofnkostnaðar og atvinnuvega skv. greinargerðum fjárlagafrumvarpa undanfarinna ára. Þessi samanburður er þannig:

	Hækkun frá fjárlögum		
	1981 %	1982 %	1983 %
Rekstrarútgjöld	55.7%	44.5%	64.8%
Stofnkostn. og framlög til stofnlánasjóða	53.0%	20.4%	38.9%
(þar af „verklegar framkvæmdir“)			(31.1%)
„Reiknitölur“ fjárlaga	42%	33%	42%

Eins og sjá má skera tvö síðustu árin sig úr að því er varðar niðurskurð á framlögum til stofnkostnaðar og framlög til verklegra framkvæmda og atvinnuvegasjóða. Á hinn bóginn hafa rekstrarútgjöldin hækkad umfram „reiknitölur“ öll þessi ár. Hækkunin nemur umfram verðlagsforsendur fjárlaga:

1981	13.7%
1982	11.5%
1983	22.8%

Lántökur hafa verið auknar til að veða á móti niðurskurði framlaga til stofnkostnaðar og sjóða. Samt hefur raungildi fjárveitinga og lána til mikilvægra framkvæmda minnkað.

4.0. Samdráttur raungildis fjárveitinga til framkvæmda og sjóða.

Samkvæmt frv. er haldið áfram þeirri stefnu að skera niður raungildi fjárveitinga til framkvæmda og framlög til fjárfestingarlánasjóða og sjóða með félagsleg markmið. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að dregið sé úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða sem lána fé sitt verðtryggt með eðlilegum vöxtum. Á hitt ber að líta, að þessi „sparnaður“ er ekki nýttur til skattalækkunar, heldur til aukinnar eyðslu. Sé talið eðlilegt að lækka framlög til sjóða með félagsleg markmið, t. d. Erfðafjárjóðs, á að sjálfsögðu að gera það með breytingu á lögum. Sé það ekki gert er t. d. erfðafjárskattur innheimtur á fólkskum forsendum.

4.1. Samdráttur fjárveitinga til framkvæmda.

Undanfarin ár hefur raungildi fjárveitinga til ýmissa framkvæmda verið skert ár eftir ár. Þetta gerist á sama tíma sem skattar hækka um milljarða reiknað á föstu verðlagi.

Flest sveitarfélög — stór og smá — glíma við að byggja skóla, hafnir og íþróttamannvirki. Hér er sýnt hvernig raungildi fjárveitinga til þessara framkvæmda hefur verið skorið niður á valdatíma Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins (miðað við byggingarvísitölu 1858 1983, sem er 58% hækkun frá 1982):

a) Fjárveitingar til hafnarframkvæmda:

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs þús. kr.	Verðlag 1978 þús. kr.	Vísitala 1978 = 100
1978	11 700	11 700	100
1979	15 284	10 432	94
1980	21 957	9 647	82
1981	31 915	9 113	78
1982	46 000	8 488	73
1983 Frv.	61 062	7 132	61

b) Fjárveitingar til grunnskólabygginga:

Ár	Fjársv. á verðl. hvers árs þús. kr.	Verðlag 1978 þús. kr.	Vísitala 1978 = 100
1978	13 760	13 760	100
1979	19 795	13 512	98
1980	27 780	12 206	89
1981	42 470	12 127	88
1982	61 680	11 382	83
1983 Frv.	81 420	9 509	69

c) Fjárveitingar til íþróttamannvirkja:

1978	2 476	2 476	100
1979	3 226	2 202	89
1980	4 976	2 186	88
1981	7 000	1 999	81
1982	10 200	1 887	76
1983 Frv.	13 576	1 587	64

d) Vegaf framkvæmdir:

Nýlega mælti samgönguráðherra fyrir tillögu að nýrri langtímaáætlun í vegagerð. Með henni átti að auka vegaf framkvæmdir.

Skv. fjárlagafrumvarpinu verður verulegur samdráttur í nýframkvæmdum vega frá árinu 1982. Skv. útreikningi fjárlaga- og hagsýslustofnunar minnka nýframkvæmdir vega og brúa úr því að vera 100 1982 í 92 eða 83 á árinu 1983. Fyrri útkoman fæst með því að reikna með verðlagsforsendum frumvarpsins (20—22% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka 1983) og hin síðari með venjulegum framreikningi Þjóðhagsstofnunar.

Pannig er stefnufestan á þessu mikilvæga sviði þjóðarbúskaparins.

4.2. Samdráttur fjárveitinga til sjóða:

Skerðing á framlögum til eftirgreindra sjóða er þannig í frumvarpinu miðað við lög skv. upplýsingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar:

	Framl. skv. lögum m.kr.	Fjársv. í frv. m.kr.	Skerðing m.kr.
Erfðafjár sjóður	21.6	16.1	5.4
Lánasjóður sveitarfélaga	9.9	5.5	4.4
Fiskveiðasjóður	70.9	26.6	44.3
Aflatryggingasjóður	31.4	15.5	15.9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	40.4	20.8	19.6
Þjargráðasjóður	5.2	4.5	0.7
Hafnarbótasjóður	7.3	6.4	0.9
		Samtals	91.2

Ák þess hafa framlög til ýmissa annarra sjóða verið skorin niður, t. d. Bygðasjóðs, Orkusjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og Iðnlánasjóðs.

Framlög þessara sjóða eru skert miðað við lög og raungildi svo sem hér segir:

a) Bygðasjóður:

Skv. lögum um Bygðasjóð skal framlag ríkissjóðs ekki vera minna en svo að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrumvarps. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að beinar fjárveitingar eru nú skv. frumvarpinu einungis rúmur þriðjungur þess sem þær voru að raungildi 1978. Fjárveiting til sjóðsins er 69.8 millj. kr., en ætti að vera 178 millj. miðað við sama raungildi og 1978.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Bygðasjóðs hafa verið sem hér segir, miðað við byggingarvísitölu 1858 1983 (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 = 100
1978	20 790	20 790	100
1979	24 580	16 778	80
1980	26 350	11 577	56
1981	37 500	10 708	51
1982	52 500	9 688	47
1983	69 825	8 155	39

b) Orkusjóður:

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Frá því að nýja „orkujöfnunargjaldið“ var lagt á árið 1980, sem nemur nú 288 millj. kr., hafa fjárveitingar til Orkusjóðs verið skertar verulega að raungildi. Framlagið hækkar að vísu mikið skv. frv. frá því í fyrra, en raungildi þess er miklum mun minna en 1980.

Fjárveitingar til Orkusjóðs eru (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1980	1980 = 100
1980	51 890	51 890	100
1981	83 970	54 596	105
1982	45 100	18 949	37
1983 Frv.	113 409	30 153	58

c) Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna:

Fjárveitingar til húsnæðismála í heild hafa verið skornar gífurlega niður á undan- gengnum árum. Skv. fyrri lögum áttu 2%-stig af launaskatti að renna í Byggingarsjóð ríkisins og auk þess svonefnt byggingarsjóðsgjald sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld.

Árið 1979 voru þessir tekjustofnar fyrst skertir, að hluta til með samningum milli launþega og ríkisvaldsins.

Skerðing launaskatts var 620 millj. gkr. 1979, 3 660 millj. 1980. Árið 1981 var launaskattur felldur niður sem tekjustofn Byggingarsjóðs — en 1%-stig af skattinum gert að tekjustofni Byggingarsjóðs verkamanna. Þannig var helmingurinn af þeim launaskatti, sem áður var tekjustofn húsnæðiskerfisins, tekinn í ríkissjóð auk alls byggingarsjóðsgjaldsins. Eftir stendur þó í lögnum um launaskatt að 2% hans, af 3.5% alls, skuli renna til húsnæðismála!

Beinar fjárveitingar til beggja sjóðanna hafa skerast sem hér segir (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 = 100
1978	50 890	50 890	100
1979	64 507	44 037	87
1980	75 330	33 097	65
1981	118 000	33 697	66
1982	168 514	31 096	61
1983	219 564	25 644	50.4
1983	(304 564) ¹⁾	(35 571)	70

1) Reiknað er hér með sérstöku framlagi, 85 millj. króna, skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalög- unum.

Niðurskurðurinn er slíkur að helmingi raungildis þeirra fjárveitinga, sem gengu í sjóðina báða 1978, á að verja til húsnæðismála skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Pótt sérstök fjárveiting — sem mikið er af gumað — 85 millj. kr., sé reiknuð með verður raungildi fjárframlaga úr ríkissjóði þriðjungi minna á næsta ári en 1978.

Sé á hinn bóginn athugað, hvernig raungildi fjárveitinga skiptist milli sjóðanna, hefur það hækkað til Byggingarsjóðs verkamanna, en er nú ekki nema brot af framlaginu 1978 til Byggingarsjóðs ríkisins. Þar kemur fram sú stefna ríkisstjórnarinnar annars vegar, að standa skuli að félagslegum byggingum á kostnað almennra húsbyggjenda, og hins vegar að draga í heild úr íbúðarhúsabyggingum.

d) Iðnlánasjóður:

Um Iðnlánasjóð gilda ekki lagaákvæði um ríkisframlög. Í fyrra var fjárveiting til Iðnlánasjóðs skorin niður um 88% frá fjárlögum 1981.

Fjárveiting til eftirtalinnna stofnlánasjóða atvinnuveganna er sem hér segir í frv.:

Stofnlánadeild landbúnaðarins	20.8 millj. kr.
Fiskveiðasjóður	26.6 millj. kr.
Iðnlánasjóður	0.6 millj. kr.

V. Alþingi svipt fjárveitingavaldinu.

Ein alvarlegasta afleiðingin af óraunsærri fjárlagagerð, sem á undanförunum árum er byggð á röngum grunni, kemur fram í því, að einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild veita hundruð aukafjárveitinga án nokkurs samráðs við Alþingi eða fjárveitingavaldið.

Á fskj. II er listi yfir slíkar aukafjárveitingar til októberloka í ár. Hér er ýmist um að ræða fjárveitingar vegna rangra verðlagsforsendna eða beinna ákvarðana sem ríkisstjórnin tekur án heimildar Alþingis. Samtals nemur þessi fjárhæð 541 808 þús. króna eða þrefaldri þeirri upphæð sem fjárveitinganefnd og Alþingi fjalla um til breytinga á fjárlagafrv. við 2. umræðu.

Dæmi um upphæðir aukafjárveitinga skulu nefnd:

1. Menntamálaráðuneytið	80 278 þús. kr.
2. Landbúnaðarráðuneytið	13 628 þús. kr.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	21 203 þús. kr.
4. Heilbrigðis- og tryggingamrn.	61 372 þús. kr.
5. Samgönguráðuneytið	26 905 þús. kr.
6. Iðnaðarráðuneytið	16 894 þús. kr.
7. Viðskiptaráðuneytið	272 817 þús. kr.

(Sjá nánar lista í fskj. II.)

Hér er gengið svo langt að segja má að verið sé að svipta Alþingi fjárveitingavaldinu. Erlendis, t. d. í Danmörku, fjallar fjárveitinganefnd um allar slíkar aukafjárveitingar. Þessum vinnubrögðum verður að breyta.

VI. Lokaorð.

Þetta fjárlagafrumvarp ber þess öll merki, að ríkisstjórnin sé að fara frá og ætli sér ekki að bera ábyrgð á framkvæmd laganna. Þess vegna er með ýmsum hætti reynt að fela þá erfiðleika sem blasa við. Jafnframt er reynt að hylja þær tilfærslur á útgjöldum frá fjárfestingu til eyðslu sem eru óumflýjanleg afleiðing rangra verðlagsforsendna.

Frumvarp til lánsfjárlaga og fjárfestingaráætlun hafa enn ekki verið lögð fram á Alþingi, þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði þar að lútandi. Þess vegna er ekki hægt að gera sér nægilega góða grein fyrir heildarumfangi ríkisfjármála á næsta ári.

Ágreiningur er innan ríkisstjórnarinnar um fjölmörg mikilvæg mál, sem snerta efnahagsþróunina á næstu misserum og geta haft veruleg áhrif á forsendur frumvarpsins.

Í þessu nefndarátliti höfum við undirritaðir lagt fram upplýsingar og rakið lið fyrir lið gagnrýni á vinnubrögð og stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og þannig sýnt fram á hve haldlítið og raunar marklaust frv. er.

Alþingi, 13. des. 1982.

Lárus Jónsson,
frsm.

Fríðrik Sophusson.

Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1983 byggt á fyrirhuguðu umfangi ríkisbúskaparins, samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1981, Þjóðhagsáætlun og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1983.

Það frumvarp, sem birtist í þessu fylgiskjali, má ekki skoða sem tillögur sjálfstæðismanna. Þvert á móti er því ætlað að sýna raunhæfar tölur sem byggðar eru á stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún kemur fram í þjóðhagsáætlun annars vegar og ríkisreikningi 1981 hins vegar. Tilbúnum og vísvitandi röngum „reiknitölum“ fjárlagafrumvarpsins er ýtt hliðar, en þess í stað er miðað við verðlagsforsendur ríkisstjórnarinnar og umfang ríkisbúskaparins eins og stefnt er að í þjóðhagsáætlun.

I. Greiðslufirlit ríkissjóðs.

Greiðslufirlit ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi er sýnt í Töflu 1 og lánsfjárförf ríkissjóðs vegna B-hluta er sýnd í Töflu 4. Niðurstaðan á greiðslujöfnuðinum sýnir óleystan vanda hjá ríkissjóði að upphæð 1 138 325 þús. kr. Þessi vandi verður fyrst og fremst til vegna þess, að áætlað er að útgjöld ríkissjóðs verði 1 003 415 þús. kr. hærrí en tekjurnar. Þessi halli á rekstrarjöfnuði er mjög varlega reiknaður. Bæði eru útgjöld ríkissjóðs lágt metin og eins eru tekjurnar skv. tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar hækkaðar um 351 268 þús. kr. Halli á bilinu 1.2—1.5 milljarðar króna væri líklegri miðað við umfang ríkisbúskaparins. Í þessu fjárlagafrumvarpi hefur því verið reynt að halda útgjöldunum niðri eins og frekast er kostur. Reiknað er með strangasta aðhaldi í ríkisútgjöldunum, án þess þó að setja fram tölur, sem allir vita að fá ekki staðist. Lánajöfnuðurinn í þessu fjárlagafrumvarpi er óhagstæður um 119 910 þús. kr. Talan er byggð á fyrirliggjandi áformum um lánsfjáröflun ríkissjóðs á næsta ári, lánsfjárförf B-hluta fyrirtækja, sjóða og stofnana, sem ákveðin eru í fjárlögum, og horfum um nauðsynlegar afborganir af lánum ríkissjóðs á næsta ári.

TAFLA 1.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

Rekstrarreikningur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur skv. tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar:			
Beinir skattar	2 422 500	
Óbeinir skattar	11 073 478	
Aðrar tekjur	204 235	13 700 213

	Pús. kr.	Pús. kr.
Frávik frá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar	351 268	14 051 481
Gjöld:		
Samneysla	6 896 513	
Stofnkostnaður, fjárfesting	851 360	
Tilfærslur	7 364 056	
÷ Sértekjur stofnana	467 033	15 054 896
Rekstrarjöfnuður — gjöld umfram tekjur —		1 003 415
Lánahreyfingar:		
<i>Lánahreyfingar inn:</i>		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	200 000	
Innheimt endurlánað spariskirteinisfé	423 930	
Önnur innlend fjáröflun	260 180	
Erlend lán	692 364	
Ákveðin fjáröflun	1 576 474	
Innlausn spariskirteina	÷ 23 370	
Ákveðin fjáröflun til A- og B-hluta	1 553 104	
Ráðstafað til ákveðinnar lántöku í B-hluta	1 058 519	
Óleystur vandi í B-hluta	8 587	
Til ráðstöfunar fyrir A-hluta	485 998	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	1 000	
		486 998
<i>Lánahreyfingar út:</i>		
Hlutfjárframlög	105 000	
Vegna Flugleiða hf.	34 383	
Afborganir Seðlab.	100 000	
Aðrir	366 070	605 453
Lánajöfnuður útgreiðslur umfram innborganir		119 910
Viðskiptareikningur, ústreymi umfram innstreymi		15 000
Greiðslujöfnuður, óleystur vandi		1 138 325

TAFLA 2.

2. gr. Gjaldahluti rekstrarreiknings.

	Pús. kr.	Pús. kr.
Gjöld:		
00 Æðsta stjórn ríkisins		103 775
01 Forsætisráðuneytið		97 692
101 Yfirstjórn	17 211	
102–902 Annað	80 481	
02 Menntamálaráðuneytið		2 127 157
101 Yfirstjórn	21 451	
102–885 Fræðslumál	1 936 078	
901–999 Söfn, listir, menningarmál	169 628	
03 Utanríkisráðuneytið		155 645
101–102 Yfirstjórn	28 232	
201 Löggæsla Keflavíkurflugvelli	27 211	
301–313 Sendiráð	53 356	
399–401 Alþjóðastofnanir	46 846	
04 Landbúnaðarráðuneytið		642 106
101–172 Yfirstjórn	10 798	
201–299 Búnaðarmál	604 489	
501–503 Skólar	26 813	

	Pús. kr.	Pús. kr.
05 Sjávarútvegsráðuneytið		187 217
101 Yfirstjórn	7 210	
201–299 Útvegsfélög	171 016	
901 Annað	8 991	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		688 049
101–102 Yfirstjórn	12 012	
201–284 Dómgæsla o. fl.	617 637	
301–373 Þjóðkirkjan	58 400	
07 Félagsmálaráðuneytið		438 682
101 Yfirstjórn	5 950	
271–272 Húsnæðismál	236 346	
301–999 Önnur félagsmál	196 486	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		5 425 566
101 Yfirstjórn	8 459	
271–399 Tryggingamál	4 034 511	
301–399 Heilbrigðismál	1 373 854	
171–502 Annað	8 742	
09 Fjármálaráðuneytið		1 725 293
101–104 Yfirstjórn	35 625	
201–282 Toll- og skattheimta	128 695	
381–384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	253 570	
402–999 Annað	1 307 403	
10 Samgönguráðuneytið		1 341 613
101 Yfirstjórn	5 075	
211 Vegamál	970 849	
321–672 Önnur samgöngumál	365 689	
11 Iðnaðarráðuneytið		433 222
101 Yfirstjórn	6 981	
201–299 Iðnaðarmál	103 887	
301–399 Orkumál	332 354	
12 Viðskiptaráðuneytið		1 250 405
101 Yfirstjórn	6 984	
201 Niðurgreiðslur	1 200 000	
202–999 Annað	43 421	
13 Hagstofa Íslands		8 988
14 Ríkisendurskoðun		11 297
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun		418 195
101–182 Yfirstjórn	12 177	
991 Ýmis lán ríkissjóðs	406 018	
Gjöld samtals:		15 054 896

TAFLA 3.

3. gr. Tekjuhluti rekstrarreiknings.

Tekjur:

Skattar	Pús. kr.	Pús. kr.
BEINIR SKATTAR		
Eignarskattar		354 100
0 0100 Eignarskattar einstaklinga	155 000	
0 0110 Eignarskattar félaga	128 000	
0 0117 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	49 500	
0 0140 Erfðafjárskattur	21 600	
